

fallin kúgildi staðarins, og til óumflýjanlegra húsabóta, og hafið þjer eindregið lagt það **49**
til, að beiðni þessi verði tekin til greina. 31. marz

Þar sem jeg að öllu athuguðu hlýtt að vera yður samdóma um, að brýn nauðsyn beri til að leggja fram hina umbednu upphæð til þess að prestssetrið að Hvammi geti átt nokkurrar uppreisnarvon úr þeirri miklu niðurníðslu, sem það hefur verið í eptir burtför sjera Magnúsar Jósepsonar frá braudinu, þá vil jeg hjermeð veita 500 kr., sem eptir eru óeyddar af fje því, sem veitt er fyrir árið 1889 með fjárlaganna 13. gr. A b 2, sem aukauppbót handa Hvammsprestakalli í eitt skipti fyrir öll, til þess að fyrir þessa upphæð verði keypt fimm kúgildi til prestssetursins, og afganginum varið til bráðnauðsynlegra viðgerða á bæjarhúsum, þó með því skilyrði, að fje þetta, sem jeg hjermeð sendi yður jarðabókarsjóðsávisun fyrir, verði sent hlutadeigandi prófasti, og honum falið að annast kaupin á kúgildunum og hafa eptirlit með, að unnar sjeu hinar nauðsynlegustu viðgjörðir, og ber honum síðan að senda sundurlíðaðan reikning með fylgiskjölum viðvíkjandi notkun fjárins.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um **50**
sjerstakt manntalsþing í Bessastaðahreppi. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt- 31. marz
maður, viðvíkjandi beiðni hreppsnefndarinnar í Bessastaðahreppi í brjefi dags. 25. nóv.
þ. á., um að tjeður hreppur verði gjörður að sjerstakri manntalsþinghá veiti jeg hjermeð samþykki mitt til þess, að Bessastaðahreppur í Gullbringu- og Kjósarsýslu verði manntalsþinghá fyrir sig með þingstað að Bjarnastöðum, og er hreppsnefndin skyld til að sjá um, að ávallt sje hæfilegt húsrúm á þingstaðnum til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigandi sýslumanni.

Brjef landshöfðingja til stjórnar landsbankans í Reykjavík um breytingar á **51**
reglugjörð landsbankans 5. júní 1886. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. f. m., hefur 1. apríl
bankastjórnin eptir áskorun minni sent mjer ummæli sín og tillögur viðvíkjandi þingsályktun um landsbankann í Reykjavík, samþykktri af neðri deild alþingis 10. ágústm. f. á., þar sem skorað er á landshöfðingja að hlutast til um ýmsar framkvæmdir af hálfu bankastjórnarinnar, og um ýmsar breytingar á reglugjörð bankans 5. júní 1886¹, og

1) Þingsályktunin er svo hljóðandí:

Neðri deild alþingis skorar á landshöfðingja að hlutast til um:

- I. að bankinn komist sem allra fyrst í viðskiptasamband við banka erlendis, einkum í Danmörku og Skotlandi.
- II. að bankinn samkvæmt 9. gr. bankalaganna stofni sem allra fyrst útibú.
- III. að þær breytingar, sem nú segir, verði gjörðar á reglugjörð landsbankans 5. júní 1886, og viðauka við hana 10. marz 1887:
 1. við 13. gr. að burt verði fellt ákvæði um að sjálfsábyrgðarmenn sjeu búsettir í Reykjavík eða þar í grennd.
 2. að 17. gr. falli burt.
 3. við 22. gr. að fyrir fram greiddir vextir verði endurgoldnir þeim, sem borga skuld sína fyrir gjalddaga,

51 hefur bankastjórnin lagt það til út af ofanefndri þingsályktun, að 13. gr. bankareglugjörðarinnar verði breytt þannig, að ákvæðið um, að sjálfskuldarábyrgðarmenn sju búsettir í Reykjavík, sje burtu fellt, og lýst því yfir, að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu, að 4. atriði í III. lið í þingsályktuninni sje tekið til greina'.

4. að varasjóði bankans megi verja eigi að eins í kgl. skuldabréf, heldur og í önnur handhæg verðbrjef, er á skómmum tíma má koma í peninga.

5. að bankinn borgi af innlögum með sparissjóðskjörum eigi lægri vexti en 1% minna en hann tekur af fje því, er hann lánar út.

1) Brjef bankastjórnarinnar hljóðar þannig :

Þjer hafð hávelborni herra landshöfðingi, með hæstvirtu brjefi, dags. 15. nóvbr. f. á. sent bankastjórninni þingsályktun um landsbankann í Reykjavík, samþykkt af nedri deild alþingis 10. ágúst f. á., þar sem skorað er á landshöfðingiann að hlutast til um ýmsar framkvæmdir af hálfu bankastjórnarinnar og um ýmsar breytingar á reglugjörð landsbankans 5. júní 1886, og jafnframt beiðzt ummæla og tillaga forstjóra landsbankans um hana.

Skulum vjer nú láta uppi umsögn vora og tillögur um hín einstöku atriði þingsályktunarinnar í þeirri röð, sem við höfð er í henni.

Við I. Landsbankinn hefur þegar lengi verið í viðskiptasambandi við „Landmandsbanken“ í Kaupmannahöfn. Þetta viðskiptasamband hefur einkum verið í því fölgid, að „Landmandsbanken“ hefur innheimt ávisanir fyrir landsbankann erlendis, og innleyst þá íslenzku sedla, sem endrum og sinnum hafa slæðst hjedan úr landi til Kaupmannahafnar, og að landsbankinn hefur fyrir „Landmandsbanken“ iunheimt víxilupphæðir, er hjer átti að greiða. Það hefur ekki borid á því, að kaupmenn vorir hafi viljað eða þurft að nota þetta viðskiptasamband bankanna svo nokkru nemi, enda er það gagn, sem þeir geta haft af bankanum, einkum þar í fölgid að þeir geta fengið, fje hjá honum gegn víxlum, og það, ef til vill, ódýrara en nokkursstaðar annarstaðar, og þannig ekki þurfa að flytja peninga til landsins. Þar sem nú þessu er þannig varið með viðskiptasambandið við „Landmandsbanken“, þá má nærri geta, að enn minna yrði varið í að standa í viðskiptasambandi við banka á Skotlandi. Að vísu mundi landsbankinn geta ávísað talsverðu fje í Skotlandi, en þá yrði hann að eiga fje þar fyrirbyggjandi, og þá yrði hann að taka svo mikið fyrir ávisanir sínar, að menn vart mundu geta greitt skuldir sínar þar með minni tilskostnaði á þann hátt, heldur en með því að kaupa póstávisanir. — Reynslan hefur sýnt að þeir, sem mest fje flytja inn í landið frá Stórabretlandi, álíta sjer haganlegast, að flytja gull til landsins, og að þeir ekkert mundu græða á því, þótt þeir gætu fengið það fje, sem þeir þyrftu, hjá landsbankanum, en það er svo mikið fje, að landsbankinn alls ekki væri fer um að standa í svo stórkostlegum peningaviðskiptum við útlönd. En skyldi það síðar reynast, að þörf væri á slíkum viðskiptum, og að kleyft væri fyrir landsbankann að hafa slík viðskipti við banka á Bretlandi, mun bankastjórnin gjöra sjer far um, að þau komist á, ef hún hyggur að það geti stutt að framförum verzlunarinnar (utvinnuveganna, 1. gr. bankal. 18. sept. 1885).

Við II. Þótt bankastjórnin ekki fái sjöð, að það geti að svo stöðu verið til verulegs ljettis eða hagnaðar fyrir landsmenn, að settar sju á stofn framkvæmdarstofur út um landið, en það á hinn bóginn yrði mjög kostnaðarsamt fyrir bankann, þá er nú ekki til neins um það að ræða eða að færa sönnur fyrir því álitu bankastjórnarinnar, því bankalögin kveða svo á í 9. gr., að bankinn skuli með samþykki landshöfðingja gjöra það svo fljótt sem audið er.

En þótt audið væri, að fá hæfa starfsmenn í þessa aukabanka og koma tryggu skipulagi á þá — en vjer hyggjum það miklum erfðleikum bundið — þá er eitt verulegt atriði því til fyrirstöðu að setja aukabanka á stofn, og það er, að til þess vantar fje. Það virðist því óþarft að fara nú að skýra frá fyrirkomulagi því, er vjer hugsum oss á þessum framkvæmdarstofum, en skulum þó geta þess, að ekki muni nægja minna fje til þess að koma upp aukabönkum eða framkvæmdarstofum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði en 6—7000 kr. á ári, en mun meira fyrsta árið. Skulum vjer nú greinilega sýna fram á, að bankinn enn ekki hefur fje til þessa.

Við síðustu árslok var allt það fje, sem bankinn hafði til umráða :

Fyrir því vil jeg hjermeð leggja samþykki mitt á breytingar lær á reglugjörð landsbankans 5. júní 1886, er nú skal greina: **51**

1. Í stað orðanna »þó því að eins að ábyrgðarmennirnir sju búsettir í Reykjavík eða í nágrenni við hana» í 13. grein komi: »er bankastjórnin álitur fullnægjandi».
2. Á eftir orðin »konungleg skuldabryf» í 25. gr. bætist inn í »eða önnur áreiðanleg verðbrjef».

Þetta tilkynnist bankastjórninni hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar.

1. Útgefnir seðlar	kr. 430000,00
2. Sparisjóðsinnlög	— 498384,68
3. Varasjóðir	— 85201,55
4. Fyrirfram greiddir vextir	— 16452,66
	Samtals kr. 1030038,89

Af þessu hefur bankinn þessa vexti:

1. 3½ % af kr. 161200,00	kr. 5642,00
2. 4% — — 1600,00	— 64,00
3. 4⅓ % — — 647789,11	— 28070,86
4. vaxtalaust — 219449,78	

Allar tekjur bankans kr. 3776,86

Þá koma útgjöldin:

1. 3½ % vextir af sparisjóðsinnlögum kr. 498384,68 . . .	kr. 16612,82
2. Samkvæmt 2. gr. bankalaganna:	
a. 2% af 430000 kr.	— 8600,00
b. 1% — 430000 — (frá 1891)	— 4300,00
3. Kostnaður við bankann (sem mun aukast nokkuð) c. . . .	— 8000,00
	Samtals kr. 37512,82

Þannig eru útgjöldin kr. 3755,96 hærri en tekjurnar.

En með því vonandi er, að bankinn ekki liggja lengi með jafnmikið fje vaxtalaust og hann gjörði við árslok 1889—100000 kr. verður hann ávallt að hafa til taks — þá er líklegt, að tekjur og útgjöld muni vega hvort á móti öðru, en fje til að stofna aukabanka eða framkvæmdarstofur hefur hann ekki að svo stöddu.

Við III, 1. Bankastjórnin sjer ekkert því til fyrirstöðu, að ákvæðið í 13 gr. bankareglu-gjörðarinnar um, að sjálfskuldarábyrgðarmenn sju búsettir í Reykjavík eða þar í grennd, verði fælt burtu, og er það tillaga hennar.

Við III, 2. Bankastjórnin getur ekki fallist á, að 17. gr. reglugj. sje úr felld.

Við III, 3. Heldur ekki getur hún álitid hentugt, að 22. gr. sje breytt í þá átt, sem þingsá-lyktunin fer fram á, en þar með er ekki loku skotið fyrir, að vextir geti fengist endurgreiddir, eins og stundum hefur átt sjer stað, þegar atvik mæla með því.

Við III, 4. Bankastjórnin sjer ekkert því til fyrirstöðu að svo megi vera, en í verklegu tilliti er það þýðingarlitið.

Við III, 5. Bankinn tekur sem stendur að eins 4⅓ % af útlánum, og greiðir 3½ % af sparisjóðsinnlögum. En að binda sig í þessu tilliti álitur bankastjórnin allsendis ómögulegt. Hún verður jafnframt því að hafa vakandi auga á fyrirmælum 1. gr. bankalaganna, að sjá bankanum farborða.

Fylgiskjalid endursendist.

Í landsbankanum, Reykjavík 17. marz 1890.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.